

Rokksaga

Titill áfanga: SAGA3CR05

Lýsing á efni áfangans:

Viðfangsefni áfangans er dægurtónlist á síðari helming 20. aldar og samspil tónlistarinnar við önnur svið samfélagsins. Nemendur stjórna nálgun og efnisvali að töluverðu leyti sjálfir. Viðfangsefnið er öll dægurtónlist þó heitið vísi sérstaklega í eina tegund hennar.

Forkröfur: 10 ein á öðru þrepi.

Þekkingarviðmið:

Nemandinn skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- áhrifum kyns, stétta, tísku, tækni, stjórnmála, hugmynda, annarra listgreina og ýmis annars á tónlist
- áhrifum tónlistar á kyn, stéttir, tísku, tækni, stjórnmál, hugmyndir, aðrar listgreinar og ýmislegt annað
- heildarmynd tónlistarsögu frá lokum seinna stríðs til upphafs 21. aldar
- fræðilegri umræðu um tónlistarstefnur og -sögu

Leikniviðmið:

Nemandinn skal hafa öðlast leikni í að:

- velja milli aðferða við lausn verkefna
- greina fjölbreytt orsakasamhengi
- beita öguðum vinnubrögðum
- vinna skapandi rannsóknarvinnu
- skila frá sér fræðilegri umfjöllun
- vinna að verkefnum með samnemendum
- beita gagnrýnni hugsun

Hæfniviðmið:

Nemandinn skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- meta áhrif tónlistar á samfélag sitt og sjálfsmynd
- setja fram nákvæmar röksemdir fyrir skoðunum sínum um tónlist
- lesa heimildir um tónlist á gagnrýnninn hátt
- leita fullnægjandi raka fyrir skoðunum sínum og annarra um dægurtónlist
- beita skapandi og lausnarmiðaðri hugsun í námi
- vera betur búinn til að hefja háskólanám í hugvísindum

Námsmat: Hóp- og einstaklingsverkefni og mæting.